

Eyþing. Áhersluverkefni 2018

Verkefni 2018 - 7	Menntunarpörf og tækifæri eftir starfssviðum og greinum á Norðurlandi eystra
Markmið	<p>Að greina menntunarpörfir og tækifæri eftir starfssviðum og greinum bæði hvað varðar grunn- og framhaldsmenntun.</p> <p>Að skoða þörfir atvinnulífsins fyrir sí- og endurmenntun.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Greind verður menntunarpörf og tækifæri eftir starfssviðum og greinum. Hér er horft til grunn- og framhaldsmenntunar, sem og til þarf atvinnulífsins fyrir sí- og endurmenntun. Litið er til núverandi atvinnulífs en einnig til þróunar atvinnulífs á svæðinu til lengri tíma. Greiningin verður gerð þannig að tekin verða viðtöl við forsvarsmenn lykilfyrirtækja og stofnana á svæðinu. Einnig verður gerð netkönnun meðal fyrirtækja/stofnana.</p> <p>Á Norðurlandi eystra er fjölbreytt atvinnulíf sem er undirstaða þess að hægt sé að viðhalda öflugum og sjálfbærum samfélögum vítt og breytt um svæðið. Til þess að atvinnulífið haldi áfram að vaxa og dafna þarf það starfsfólk sem fellur að þeim verkefnum sem þar eru unnin eða geta leitt framþróun með nýrri þekkingu. Ýmsar rannsóknir hafa verið unnar til þess að kanna menntunarpörf fyrirtækja og verða þær hafðar til hliðsjónar.</p>
Framkvæmdaaðili	RHA, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
Samstarfsaðilar	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Símei og Þekkingarnet Þingeyinga.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið er samhljóða aðgerð 1.1.1. sem tilgreind er í Viðauka I með Sóknaráætlun.</p> <p>Eitt af meginmarkmiðum Sóknaráætlunar er Fjölbreyttir menntunarmöguleikar og gott aðgengi að menntun (1, bls. 17). Sem undirmarkmið 1.1. er að meta og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntun.</p> <p>Verkefnið hefur tengingu við áhersluverkefnið GERT – grunnmenntun eflid í raungreinum og tækni sem samþykkt var 2017 og stendur til 2019.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Niðurstöður sem fram koma í skýrslu sem hægt verður að nýta við stefnumótun menntastofnana á svæðinu.</p> <p>Greining á þörf fyrirtækja og stofnana fyrir námskeið og menntun núverandi mannafla og mannauðs framtíðar.</p> <p>Menntastofnanir fá upplýsingar um námsþörf á svæðinu sem getur nýst við ákvörðun um námsframboð.</p> <p>Atvinnuþróunarfélög og aðrir sem markaðssetja svæðið fá betri yfirsýn yfir veikleika og styrkleika þess hvað menntun varðar og mannaflsþörf.</p> <p>Nýtist einstaklingum sem huga að grunn- eða framhaldsnámi sem og náms- og starfsráðgjöfum.</p>

Lokaafurð	Skýrsla með niðurstöðum verkefnisins og kynning á málþingi
Tímarammi	Mars til nóvember 2018
Áætlaður kostnaður	6.000.000 kr. (sjá kostnaðaráætlun í fylgiskjali)
Framlag úr sóknaráætlun 2018	6.000.000 kr.

Fjárhagsáætlun	
Verkefnisstjórnun	350.000 ISK
Kynning niðurstaðna á málþingi og undirbúningur	350.000 ISK
	700.000 ISK
Viðtalshluti	
Spurningarammi	224.000 ISK
Viðtöl (með ferðatíma þar sem það á við)	1.260.000 ISK
Úrvinnsla	1.260.000 ISK
	2.744.000 ISK
Könnun	
Spurningarammi	224.000 ISK
Uppsetning á könnun	112.000 ISK
Ítrekanir og hreinsun gagna	84.000 ISK
Úrvinnsla	420.000 ISK
	840.000 ISK
Skýrsla	
Rýna fyrirbyggjandi gögn	560.000 ISK
Myndvinnsla og samantekt	840.000 ISK
	1.400.000 ISK
Yfirlestur og umsýsla	168.000 ISK
Ferðakostnaður	148.000 ISK
Áætlaður kostnaður alls	6.000.000 ISK